

Jón Kristjánsson, fiskifræðingur:

172

ALDUR OG VÖXTUR Á URRIÐA OG BLEIKJU Í HÍTARVATNI 1972

1/7 safnaði Birgir Halldórsson fyrir mig nokkrum aldurssýnum af silungi úr Hítarvatni. Unnið hefur verið úr þessum sýnum, og eftirfarandi niðurstöður hafa fengizt.

A. Bleikja

15 bleikjur 22 - 43 cm að lengd voru aldursgreindar.

<u>Aldur í árum</u>	<u>Fjöldi fiska</u>	<u>Lengd í cm</u>
4+	1	22
5+	4	24-28
6+	2	26-27
7+	4	30-37
8+	1	33
9+	1	38
11+ (eða eldri)	2	35-43

Sjá einnig mynd I.

B. Urriði

8 urriðar, 19-36 cm, voru aldursgreindir með eftirfarandi árangri:

<u>Aldur í árum</u>	<u>Fjöldi fiska</u>	<u>Lengd í cm</u>
5+	1	19
6+	1	26
8+	2	30-32
9+	2	30-36
10+	1	33
12+	1	36

Af hreistrinu hefur meðallengd fiskanna í lok hvers vetrar verið reiknuð út.

Lengd við 1. vetur	3.2 cm
" " 2. "	8.2 "
" " 3. "	12.9 "
" " 4. "	17.0 "
" " 5. "	20.5 "
" " 6. "	24.6 "
" " 7. "	27.7 "
" " 8. "	30.1 "
" " 9. "	32.2 "
" " 10. "	33.5 "

Á mynd II hafa þessar tölur verið settar upp í línurit.

Ályktanir

Þessi sýni fengust í 4 net, sem lágu aðeins í 3 klukkutíma. Það er mikil veiði, sérstaklega þegar haft er í huga, að þetta er bjartasti tími sumarsins.

Vöxtur bleikjunnar er sámilegur en nokkuð mikið virðist af gömlum fiski, og bendir það til lítils veiðiálags.

Urriðinn vex hægt, eða 4.1 cm á ári að meðaltali fyrstu 6 æviár sín. Yfirleitt er 5 cm árlegur vöxtur talið vera meðalgott. Það virðist e.t.v. ekki vera mikill munur á því hvort fiskur vex 4.1 eða 5 cm á ári, en eftir 6 ár er munurinn slíkur, að sá sem vex hægar er 24.6 cm og 150 g á þyngd, en hinn er orðinn 30 cm og 270 g á þyngd, eða nær helmingi þyngri.

Greinilegt er að fiskstofn Hítarvatns er of þéttur miðað við framboð þess af næringu, og eina ráðið við því er að veiða meira. Rétt væri að veiða árlega um 5 kg af hverjum hektara, eða samtals 3.5 tonn af silungi úr vatninu. Ekki geri ég ráð fyrir því, að hægt sé að veiða allt þetta magn á stöng, og yrði því að stunda netaveiði jafnframt.

Þær möskvastærðir, sem henta myndu til að byrja með eru 32 mm á legg (20 omf/alin) og 29 mm á legg (22 omf/alin).

Lauslega áætlað þyrftu 30-40 slík net að vera í vatninu allt sumarið.

MYND I

HÍTARVATN, 1972

ALDURS OG LENGÐAR DREIFING
Á 15 BLEIKJUM

LENGÐ
cm


40

30

20

10

ALDUR Í ÁRUM




MYND II

HÍTARVATN, 1972

LENGD, cm

VAXTARLINURIT FYRIR URRIDA
(MEÐALTAL 8 FISKA)



$L_5 = 20.5$

$\bar{V}_5 = 4.1 \text{ cm/ári}$

ALÐUR Í ÁRUM

Eftirfarandi mönnum er send þessi greinagerð:

Formaður Veiðifélags Hítarár,
Hallbjörn Sigurðsson,
Krossholti,
Hnappadalssýslu.

Leifur Finnbogason,
Hítárdal,
Mýrasýslu.

Bjarni Arason, ráðunautur,
Borgarnesi,

Birgir Halldórsson,
Hafrannsóknarstofnuninni,
Skúlagötu 4,
Reykjavík.